

84

20. maí

AUGLÝSING

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu
nr. 2 6. janúar 1938.

1. gr.

Aftan við 11. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Þó skal hreppsnefnd Súðavíkurhrepps og Ögurhrepps gefin heimild til að fresta leitum um 1 viku í Súðavíkurhreppi og ytri hluta Ögurhrepps, ef samkomulag verður um það þeirra í milli.

2. gr.

12. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Sérhver fjáreigandi, sem ekki er hjú, og á 3 kindur framgengnar, skal fjallskil gera samkvæmt skipun hreppsnefndar. Nú vanrækir fjáreigandi að leggja til menn í leitir og skal hreppsnefnd sjá um, að hann greiði þau fjallskil, sem gerð eru á hans kostnað, sökum vanrækslu þessarar, með því almenna verðlagi sem gildir í sveitinni um aðra vinnu.

3. gr.

Í stað orðanna í upphafi 19. greinar: „Á vorhreppaskilum ákveður hreppsnefnd“, — komi: Hreppsnefnd ákveður o. s. frv.

4. gr.

Í 30. grein komi: í stað „10 aurar“ — kr. 1.00, og í stað „2 kr.“ — kr. 20.00.

Breyting þessi sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12 1927, til að öðlast gildi 1. júlí 1957, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. maí 1957.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

85

17. maí

REGLUGERÐ

um löggæzlu á skemmtisamkomum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

1. gr.

Skemmtisamkomur má eigi halda á samkomustöðum Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, nema að fengnu leyfi sýslumanns. Skal hann jafnframt ákveða, hvort löggæzla skuli vera á skemmtisamkomunni. Forstöðumenn slíkra skemmtana skulu sækja um leyfi til skemmtanahaldsins eigi síðar en viku áður en skemmtun skal halda.

2. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum sýslumanns, löggilt minnst 6 löggæzlumenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtisamkomum.